

Vegagerðin, Norðursvæði
Svæðismiðstöð
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Akureyri, 14.3.2023
UST202203-081/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2022 – Vegagerðin Sauðárkróki

Umhverfisstofnun barst þann 31. janúar sl., þykktarmæling á bikgeymi olíubirgðastöðvar Vegagerðarinnar á Sauðárkróki. Geymirinn er merktur nr. 242472 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila á hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Geymirinn er standandi stálgeymir, smíðaður árið 1999.

Þykktarmælingarnar framkvæmdi Tryggvi Pétursson hjá VPS verkfræðipjónustu, þann 25. nóvember 2022. Notaður var T-gage mælir frá Sonatest og var hann stilltur fyrir 4, 6 og 8 mm. Mældir voru 5 punktar í botni geymisins og ein mæling tekin á belg geymisins.

Fram kemur í skýrslu VPS verkfræðipjónustu að mælingar sýndu litla tæringu í botni geymisins. Nokkrar mælingar voru teknar á hverjum stað í botni til að reyna finna út hvort einhver tæringar blettir kæmu fram. Allar mælingar voru vel innan marka og samhljóma. Engin sýnileg tæring var á botni eða belg geymisins.

Meðfylgjandi er skýrsla VPS verkfræðistofu um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri